

From: Sveinn Erlendsson [mailto:sveinn6@gmail.com]

Sent: 16. október 2016 18:28

To: Garðabær

Cc: Gunnar Einarsson ; Guðjón Erling Friðriksson ; Arinbjörn Vilhjálmsson ; Erla Bil Bjarnardóttir ; Guðjón Ármannsson

Subject: Akrakot

Efni bréfs: Endurheimt votlendis Kasthúsatjarnar

Tilefni: Kaup á landi og samstarf/samráð við landeigendur Akrakots

Ágæta bæjarráð

Endurheimt votlendis Kasthúsatjarnar er formlega hafið samkvæmt frétt Morgunblaðsins 1. september 2016. Af því tilefni vil ég vekja athygli á því að ekkert samráð hefur verið haft við eigendur Akrakots. Samkvæmt uppdrætti Landgræðslunnar á að fylla alla skurði í landi bæjarfélagsins, sem tilheyrðu Landakoti. Einnig er fyrirhuguð fylling í landamerkjaskurð Landakots og Akrakots.

Árið 2007 ákvað sveitastjórn Álftanes að festa kaup á landinu m.a. til að geta uppfyllt hugmyndir sem uppi höfðu verið um að endurheimta votlendi svæðisins og þá væri allt mýrlendi á milli Bessastaðatjarnar og Kasthúsatjarnar í eigu sveitarfélagsins. Einnig opnaðist þá fyrir göngustígagerð meðfram ströndinni í landi Akrakots sem nú er í einkaeign.

8 ha. land Akrakots fór í matsferli á kostnað sveitarfélagsins. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að framhalda ferlinu hefur ekkert gerst og hefur aðeins einn formlegur fundur með bæjarstjóra og bæjarlögmanni Garðabæjar átt sér stað (2013).

Það kom landeigendum Akrakots í opna skjöldu þegar í ljós kom að votlendisvinna og undirbúningur hafi farið fram með þeim hætti að land okkar kæmi þar ekki inn. Við eigum stóran hlut í tjörninni. Við mótmælum framkvæmdum á landamerkjaskurði og óskum eindregið eftir því að við okkur verði rætt.

Virðingarfyllt,

Sveinn Erlendsson
Blikastíg 2
225 Garðabæ

s:898 7448